

Fundargerð

Fimmtudaginn 28. janúar 2021 kl. 10:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.


Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

1. Fundargerðir síðustu fundar

Fundargerðir nr. 364, 365, 366, 367 og 368 samþykktar.

2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN



3. Bréf til Árborgar

Farið var yfir drög að bréfi til Árborgar varðandi fjárhagsáætlun 2021-2024. Á fundi nefndarinnar 21. janúar sl. komu fulltrúar Árborgar á fund nefndarinnar til að fara yfir fjárhagsáætlunina. Í framhaldi af þeim fundi ákvað nefndin að óska eftir frekari upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. hvort fengist hafi staðfesting ráðherra varðandi Leigubústaði Árborgar ses. í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 52/2016
2. hvort sveitarfélagið sé í ábyrgðum fyrir skuldbindingum leigufélagsins
3. hvort fjármögnun áætlaðara fjárfestinga rúmist innan lánaramma Lánasjóðs sveitarfélags en í áætlun er gert ráð fyrir vaxtakjörum lánasjóðsins vegna viðbótarlána
4. sundurliðun annarra tekna og vegna gatnagerðargjalda hvort tekið hafi verið tillit til allra kostnaðarliða sem þeim er ætlað að standa undir áður en til tekjufærslu kemur
5. sundurliðun fjármagnskostnaðar milli skammtímaskulda og langtímaskulda
6. sundurliðun á fjármagnstekjum
7. kostnaðarauka vegna nýrra skóla, bæði leikskóla og grunnskóla

8. þróun rekstrarniðurstöðu fyrir afskriftir og helstu skýringar á því að hún vex milli ára. Hækkun milli ára stafar af því að tekjur aukast umfram kostnað og er rétt að fá skýringa á helstu forsendum þess

4. Önnur mál
Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 11:00